



Kennitala seljanda	Fastanúmer ökutækis	Kennitala kaupanda	Dagsetning kaupsamnings
Kennitala meðeiganda	Skráningarnr. ökutækis	Kennitala meðeig. /umráðamanns	Tegund ökutækis
Tilgreina skal váttryggingafélag kaupanda/ umráðamanns, þó ekki ef ökutæki er eftirvagn eða tengitæki			Notkunarflokkur - bílaleigubifreið
80 <input type="checkbox"/> Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 70 <input type="checkbox"/> Tryggingamiðstöðin hf. <input type="checkbox"/> _____			<input type="checkbox"/> Þess er óskað að bifreiðin verði skráð úr notkunarflokknum "Bílaleigubifreið" í "Almenn notkun"
90 <input type="checkbox"/> Váttryggingafélag Íslands hf. 10 <input type="checkbox"/> Vörður Íslandstrygging hf. <input type="checkbox"/> Eftirvagn / tengitæki			
Seljandi þarf að vera skráður eigandi - Seljandi, kaupandi og meðeigandi verða að vera orðnir 18 ára (sjá leiðbeiningar)			
Nafn seljanda	Nafn kaupanda		
Nafn meðeiganda	Nafn meðeiganda <input type="checkbox"/> Nafn umráðamanns <input type="checkbox"/>		
Heimili seljanda	Heimili kaupanda		
Tilgreinið netfang			
Netfang seljanda	Netfang kaupanda		
Seljandi, kaupandi, meðeigandi og umráðamaður skulu undirrita beiðnina - Ef undirritað er fyrir hönd aðila þarf umboð (sjá leiðbeiningar)			
Undirskrift seljanda	Undirskrift kaupanda		
Undirskrift meðeiganda	Undirskrift meðeiganda/ umráðamanns		
Vitundarvottar þurfa að vera orðnir 18 ára.			
Vitundarvottar að undirskrift seljanda/ meðeiganda	Kt.	Vitundarvottar að undirskrift kaupanda/ meðeiganda/umráðamanns	Kt.

LEIÐBEININGAR VIÐ TILKYNNINGU UM EIGENDASKIPTI AÐ ÖKUTÆKI

Skráningu hafnað: Ef tilkynning er ekki fullnægjandi eða einhverjum skilyrðum ekki fullnægt eru eigendaskipti ekki skráð.

Tilkynnandi eigendaskipta: Seljandi og kaupandi bera báðir ábyrgð á tilkynningu eigendaskipta. Aðilum er bent á að halda eftir eintaki af tilkynningunni með því að ljósrita frumritið eða undirrita aukaeintök.

Móttaka og skráning tilkynninga: Tilkynningu um eigendaskipti skal framvísa hjá Umferðarstofu eða á skoðunarstöð innan sjö daga frá eigendaskiptum en skráning eigendaskipta fer þó einungis fram hjá Umferðarstofu. Þeir sem vilja láta skrá eigendaskiptin samstundis verða að koma tilkynningu beint til Umferðarstofu eða biðja starfsmann skoðunarstofu um að myndsenda þangað tilkynningu og staðfestingu á greiðslu.

Aldur: Ef seljandi, kaupandi eða meðeigandi er yngri en 18 ára þarf samþykki sýslumanns fyrir kaupum/ sölu, sbr. 1. mgr. 69. gr. lögræðis laga nr. 71/ 1997.

Undirritun: Seljandi, kaupandi, meðeigandi og umráðamaður skulu sjálfir undirrita tilkynningu. Ef undirritað er fyrir þeirra hönd skal umboð fylgja tilkynningu (sjá Efni umboðs). Framkvæmdarstjóri eða prókúruhafi skulu undirrita fyrir hönd lögaðila (miðað er við skráningu í Fyrirtækjaskrá).

Vitundarvottar: Votta þarf undirskrift seljanda/ meðeiganda og kaupanda/ meðeiganda. Vottar skulu rita nafn sitt og kennitölu og vera orðnir 18 ára.

Efni umboðs: Ef undirritað er skv. umboði skal umboð fylgja tilkynningunni. Í umboði skal koma fram nafn og kennitala umboðsmanns, fastanúmer ökutækis, dagsetning umboðs og undirritun umboðanda. Tvo vitundarvotta þarf að undirrita umboðanda og skulu þeir vera orðnir 18 ára.

Váttryggingafélag: Tilgreina skal váttryggingafélag sem hinn nýi eigandi (umráðamaður) ætlar að váttryggja ökutæki hjá. Ekki þarf að tilgreina tryggingafélag ef ökutæki er eftirvagn eða tengitæki (t.d. hjólhýsi eða tjaldvagn) og skal þá merkja í viðeigandi reit.

Bifreiðagjald: Eigendaskipti eru ekki skráð nema gjaldfallin bifreiðagjöld séu greidd (gjald dagar eru 1. janúar og 1. júlí). Sá sem er skráður eigandi á gjalddaga ber ábyrgð á greiðslu gjaldanna jafnvel þótt tilkynning um sölu ökutækis hafi verið móttakin á skoðunarstofu fyrir gjalddaga. Ef óskað er skráningar á eigendaskiptum fyrir gjalddaga verður tilkynning að hafa borist Umferðarstofu fyrir gjalddaga og hún verður að vera skráningarhæf.

Þungaskattur samkvæmt álestri: Ef þungaskattur er greiddur eftir akstri skal lesið af öikumæli innan sjö daga fyrir afhendingu tilkynningar um eigendaskipti hjá Umferðarstofu eða skoðunarstofu. Eigendaskipti eru ekki skráð nema þungaskattur samkvæmt þeim álestri hafi verið greiddur.

Meðeigandi/umráðamaður: Ef meðeigandi eða umráðamaður er tilgreindur við kaup ökutækis skal merkja sérstaklega í þar til gerðan reit. Meðeigandi og umráðamaður skulu undirrita tilkynninguna.

Eigendaskipti vegna andláts eiganda: Við eigendaskipti vegna andláts skulu allir erfingjar, eða maki sem hefur búsetuleyfi, undirrita tilkynningu um eigendaskipti. Með tilkynningunni skal framvísa búsetuleyfi, einkaskiptaleyfi, eignaskiptagerð eða yfirlýsingu sýslumanns og skulu öll þessi skjöl vera staðfest af sýslumanni. Ef tilteknum aðila hefur verið veitt umboð til undirritunar fyrir hönd erfingja eða maka skal framvísa umboði.

Vsk-bifreið: Bifreið á vsk-merkjum (rauð-hvítum) má eingöngu nota í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Ef kaupandi ætlar ekki eingöngu að nota bifreiðina í slíkrri starfsemi ber honum að skipta yfir á almenn merki (blá-hvít).

Bílaleigubifreið: Ef nýr eigandi að bílaleigubifreið ætlar að nota bifreiðina í almennri notkun getur hann óskað eftir breytingu á notkunarflokki hér að ofan.

Skráningarskrárteini: Eftir skráningu eigendaskipta er gefið út nýtt skráningarskrárteini og afhent eða sent eiganda/ umráðamanni.

Greiðsla: Greiða þarf fyrir tilkynningu um eigendaskipti.